

LV-2015-104



Landsvirkjun



# Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns

Áfangaskýrsla 2015

## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2015-104

Dags: nóvember 2015

Fjöldi síðna: 60

Upplag: Rafræn

Dreifing:

- Birt á vef LV  
 Opin  
 Takmörkuð til

Titill: Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns. Áfangaskýrsla 2015

Höfundar/fyrirtæki: Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Jóhann Þórsson og Ágústa Helgadóttir / Landgræðsla ríkisins

Verkefnisstjóri: Sveinn Runólfsson (Lr) / Árni Óðinsson (LV)

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Landgræðsla ríkisins

Útdráttur: Sumarið 2014 hófst vöktun og mælingar á áfoki við austurströnd Háslóns og í norðurhluta Kringilsárrana að beiðni Landsvirkjunar. Ljósmyndun vöktunarreita og mælingar á áfoksþykkt og útbreiðslu áfoks fóru fram í júlí 2015. Niðurstöður úttektarinnar sýna að fremur litlar breytingar hafa orðið á áfoksþykkt í mælireitum við austurströnd Háslóns og í suðurhluta Kringilsárrana frá mælingum 2014 en útbreiðsla áfoksefna hefur hins vegar minnkað að jafnaði. Jafnframt hafa áfoksefni nyrst í Kringilsárrana og í áfoksgeiranum sunnan Hrauka flust til án þess að magn þeirra hafi breyst verulega milli mælinga. Nokkrir áfoksstormar mældust við sjálfvirkar mælistöðvar í áfoksgeiranum síðsumars 2015 eftir að mælingum lauk og voru þeir með þeim stærstu sem hafa mælst í Kringilsárrana hingað til.

**Lykilorð:** Háslón, Kringilsárrani, áfok, mælingar á áfoki, vöktun með ljósmyndum, áfoksgeirar, sjálfvirkar mælistöðvar með Sensit kornateljurum, foggirðingar.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar

# Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns

Áfangaskýrsla 2015

# Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns Áfangaskýrsla 2015



Landgræðsla ríkisins 2015  
Lr 2015/15







## LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2015/15

Blaðsíður: 60

Dagsetning: 23. okt. 2015

**Heiti:** Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns. Áfangaskýrsla 2015

**Höfundar:** Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Jóhann Þórsson og Ágústa Helgadóttir

**Ljósmyndir:** Skýrsluhöfundar nema annað sé tekið fram

**Verkefnisstjóri:** Sveinn Runólfsson

**Unnið fyrir:** Landsvirkjun

**Útdráttur:** Sumarið 2014 hófst vöktun og mælingar á áfoki við austurströnd Háslóns og í norðurhluta Kringilsárrana að beiðni Landsvirkjunar. Ljósmyndun vöktunarreiða og mælingar á áfoksþykkt og útbreiðslu áfoks fóru fram í júlí 2015.

Niðurstöður úttektarinnar sýna að fremur litlar breytingar hafa orðið á áfoksþykkt í mælireitum við austurströnd Háslóns og í suðurhluta Kringilsárrana frá mælingum 2014 en útbreiðsla áfoksefna hefur hins vegar minnkað að jafnaði. Jafnframt hafa áfoksefni nyrst í Kringilsárrana og í áfoksgeiranum sunnan Hrauka flust til án þess að magn þeirra hafi breyst verulega milli mælinga. Nokkrir áfoksstormar mældust við sjálfvirkar mælistöðvar í áfoksgeiranum síðsumars 2015 eftir að mælingum lauk og voru þeir með þeim stærstu sem hafa mælst í Kringilsárrana hingað til.

**Efnisorð:** Háslón, Kringilsárrani, áfok, mælingar á áfoki, vöktun með ljósmyndum, áfoksgeirar, sjálfvirkar mælistöðvar með Sensit kornateljurum, fokgirðingar.

Undirskrift verkefnisstjóra

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Aðferðir við vöktun og mælingar.....	5
2.1 Vöktun með ljósmyndum.....	5
2.2 Mælingar á áfoki.....	8
2.2.1 Fastir mælireitir.....	8
2.2.2 Sjálfvirk mælitæki.....	9
2.3 Vettvangsúttekt og úrvinnsla.....	11
3. Niðurstöður.....	12
3.1 Vöktunarmælingar á áfoki frá lónstæði Háslóns.....	12
3.1.1 Áfokssvæði við Lindabungu.....	13
3.1.2 Áfokssvæði við Kofaöldu.....	16
3.1.3 Áfokssvæði nyrst í Kringilsárrana.....	17
3.1.4 Áfokssvæði við Hrauka.....	20
3.1.5 Áfokssvæði norðan Syðri-Hrauka.....	22
3.2 Sjálfvirkar mælingar á áfoki í Kringilsárrana.....	24
3.2.1 Veðurfar.....	24
3.2.2 Áfok.....	26
3.3 Breytingar á áfoksgeira.....	34
4. Samantekt og umræður.....	37
5. Þakkir.....	40
6. Heimildir.....	40
VIÐAUKI I.....	41
VIÐAUKI II.....	47
VIÐAUKI III.....	48
VIÐAUKI IV.....	52

### Kort:

<i>Kort 1. Háslón og nágrenni. Svarta línan sýnir þann hluta strandlengjunnar sem vöktun og mælingar á áfoki ná til. Bláir hringir sýna staðsetningu sjálfvirkra mælitækja sem mæla áfok (sjá kafla 2.2.2).</i> ....	4
<i>Kort 2. Staðsetning vöktunarreita með ljósmyndum.</i> .....	6
<i>Kort 3. Staðsetning mælireita 2014 og 2015.</i> .....	8
<i>Kort 4. Áfokssvæði við Háslón, a) við Lindabungu, b) við Kofaöldu, c) nyrst í Kringilsárrana, d) við Hrauka og e) norðan Syðri-Hrauka (ath að stærð svæða er ýkt til að sýna staðsetningu betur).</i> 12	
<i>Kort 5. Áfokssvæði við Lindabungu, útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning mælireita og breytingar á áfoksþykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en <math>\pm 1,91</math> cm.</i> ....	13
<i>Kort 6. Áfokssvæði við Kofaöldu, útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning mælireita og breytingar á áfoksþykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en <math>\pm 1,91</math> cm.</i> .....	16
<i>Kort 7. Áfokssvæði nyrst í Kringilsárrana (c), útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning sjálfvirkra mælitækja, mælireita og breytingar á áfoksþykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en <math>\pm 1,91</math> cm.</i> .....	18

Kort 8. Áfokssvæði við Hrauka (d), útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning sjálfvirkra mælitækja, mælireita og breytingar á áfoksþykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en $\pm 1,91$ cm.....	20
Kort 9. Áfokssvæði sunnan Hrauka (e), útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning mælireita og breytingar á áfoksþykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en $\pm 1,91$ cm. ....	23
Kort 10. Líkan (kriging) sem sýnir áætlað umfang og þykkt áfoksgeira sumarið 2014. Útreikningarnir eru byggðir á mælipunktum sem sýndir eru á korti 8. Þykkt á bilinu 0,0 - 1,91 cm er ómarktæk. 35	
Kort 11. Líkan (kriging) sem sýnir áætlað umfang og þykkt áfoksgeira sumarið 2015 með hliðstæðum hætti og sýnt er á korti 10. Tvær nýjar fokgirðingar voru settar upp í áfoksgeiranum sumarið 2014 (örvar). Þær hafa haft greinileg áhrif á uppsöfnun og stöðvun fokefna. Þykkt á bilinu 0,0 - 1,91 cm er ómarktæk. ....	35
Kort 12. Breytingar á áfoksgeira milli árána 2014 og 2015 sbr. kort 10 og 11. Nýjar fokgirðingar sem settar voru upp sumarið 2014 eru auðkenndar með örvum. Greinilega má sjá að fokefni safnast upp við fokgirðingarnar og að fokefni hafa flust til norðurs innan fokgeirans milli ára.....	36

## Myndir:

Mynd 1. Ljósmyndir af 50x50 cm ramma í vöktunareit AM040, mynd a) frá 2014 og b) frá 2015. ....	7
Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir vöktunareit AM040, mynd a) frá 2014 og mynd b) frá 2015.....	7
Mynd 3. Þykkt áfoks mæld með tommustokk í einum af hornreitum rammans.....	9
Mynd 4. Mælitækin nyrst á Kringilsárrana 24. mars 2015. Þá var farin eftirlitsferð til að skipta um rafgeyma og grafa frá sólarþeglum (Mynd: Magnús Þór Einarsson). ....	10
Mynd 5. Mælireitur AM_021_02, þar sem meðalþykkt áfoks mældist 0,8 cm þegar myndin var tekin í júlí 2014. Gróður rýr og áfoksefni áberandi og laus á yfirborði. ....	15
Mynd 6. Mælireitur AM_021_02, þar sem meðalþykkt áfoks mældist 1,2 cm þegar myndin var tekin í júlí 2015. Gróðurþekja hefur aukist og áfoksefni minna áberandi á yfirborði en mælast í gróðursverði. ....	15
Mynd 7. Örlítill leirrönd á yfirborði í myndareit KM 003, ljósmynd tekin í júlí 2015. ....	19
Mynd 8. Mælireitur KM028_06a í júlí 2014, reitur í fjöruborði en laus áfoksefni á yfirborði. ....	21
Mynd 9. Mælireitur KM028_06a í júlí 2015, landbrot hefur skemmt mælireit og skolað áfoksefnum burt. ....	21
Mynd 10. Lofthiti ( $^{\circ}\text{C}$ ), loftraki (%) og jarðvegshiti ( $^{\circ}\text{C}$ ) á mælistöðvum A, B og C. Gröfin sýna 10 mínútna meðaltöl á sumartímabilinu 1. júní til 22. september 2015. Lárétt grá lína markar $0^{\circ}\text{C}$ . ....	25
Mynd 11. Fjöldi mælipúlsa (1 mín. kornatalningar við $<80\%$ loftraka, $>4\text{ m s}^{-1}$ og $>0^{\circ}\text{C}$ jarðvegshita) á mælistöð C sem fall af meðalvindhraða (1 mín meðaltöl). Tímabil mælinga er sumarið 2014 (8.júlí til 14.október) og 2015 (25.maí til 22.september). Athugið að kornateljarar mettast við 7999 púlsa á einni mínútu sumarið 2015 en ekki 2014.....	27
Mynd 12. Mælipúlсар (slög á tímæiningu) og vindhraði ( $\text{m s}^{-1}$ ) ásamt vindrás fyrir tíðni og stefnu vindátta ( $^{\circ}$ ) á mælistöðvum A, B og C sumarið 2015. Gröfin sýna 10 mínútna heildartalningar (slög sem mældust við $<80\%$ loftraka, $>4\text{ m s}^{-1}$ og $>0^{\circ}\text{C}$ jarðvegshita) og 10 mínútna meðaltöl (vindhraði og vindátt) tímabilið 1. júní til 22. september 2015. Eins og sjá má á mælistöðvum A og C þá mettast fokmælingarnar við 7999 mælipúlса á tíu mínútum. Ör bendir á tímasetningu vettvangskonunnar sumarið 2015. ....	28


Mynd 13. Mynd út sjálfvirkri myndavél af áfoksgeiranum skömmu eftir að mælingum þar lauk í byrjun júlí. ....	29
Mynd 14. Áfoksgeirinn 30. september 2015. Breytingar hafa orðið miðað við mynd 13 (sjálfvirk myndavél). ....	30
Mynd 15. Mælípúlsar (slög á tímæiningu) og vindhraði ( $m s^{-1}$ ) ásamt tíðni og stefnu vindátta á mælistöð A, B og C þegar skráningartíðni hafði aukist sökum mikils foks. Efst grafið sýnir áfok frá 17. ágúst 2015 við mælistöð A, graf fyrir miðju frá 20. september 2015 við mælistöð B og það neðsta frá mælistöð C 13. ágúst 2015. Gröfin sýna 1 mínútu heildartalningar (slög sem mældust <80% loftraka, >4 m s <sup>-1</sup> og >0°C jarðvegshita) og 1 mínútu meðaltöl (vindhraði og vindátt). Sjá einnig töflu 8. Eins og sjá má á mælingunum frá 17. ágúst þá mettast kornateljararnir við 7999 mælípúlsa á mínútu. ....	31
Mynd 16. Tíðni og stefna vindátta (°) þegar áfok mældist sumurin 2014 og 2015 (sjá tímabil í töflu 7). Ath. að kvarðinn á tíðni vindátta er breytilegur milli vindrósa. ....	34
Mynd 17. Áfoksgeirinn 7. júlí 2015. Áhrif annarar fokgirðingarinnar sjást greinilega fremst á myndinni eins og sýnt er með örinni. ....	37

#### Töflur:

Tafla 1. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum við Lindabungu í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir. ....	14
Tafla 2. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum við Kofaöldu í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir. ....	17
Tafla 3. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum nyrst í Kringilsárrana í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir. ....	19
Tafla 4. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum norðan Hrauka í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir. ....	21
Tafla 5. Meðalþykkt áfoks í mælireitum í áfoksgeira sunnan við Hrauka í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir. ....	22
Tafla 6. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum sunnan Hrauka í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir. ....	24
Tafla 7. Valdir áfoksstormar sumarið 2015. Notaður er stuðullinn 0,02 til að reikna efnismagn út frá fjölda mælípúlsa á mínútu (Ólafur Arnalds og Fanney Ósk Gísladóttir, 2009). ....	32
Tafla 8. Efnisflæði við mælistöðvar sumurin 2014 og 2015. Notaður er stuðullinn 0,02 til að reikna efnismagn út frá fjölda mælípúlsa á mínútu (Ólafur Arnalds og Fanney Ósk Gísladóttir, 2009) og miðað við hámarksmeðalvind > 4 m/sek <sup>-1</sup> og loftraka < 80%. Ath að tímabilin hafa ekki sömu dagsetningar þar sem upphaf sumartíma hveftrar mælistöðvar var ákvarðað út frá jarðvegshita (sjá nánar viðauka III). ....	33
Tafla 9. Breytingar á áfoksgeira milli árána 2014 og 2015. ....	36

# 1. Inngangur

Verkefni þetta er liður í vöktun og mælingum á áfoki við strönd Háslóns sem Landgræðsla ríkisins annast fyrir Landsvirkjun. Árið 2014 var sett upp kerfi vöktunarreita til að fylgjast reglubundið með þróun áfoks á svæði við austurströnd Háslóns og í norðurhluta Kringilsárrana (kort 1). Vöktunin byggir á endurtekinni ljósmyndun og mælingum á áfoki á föstum mælireitum og völdum svæðum. Auk þess eru notuð sjálfvirk mælitæki til að fylgjast með áfoki á þremur stöðum í Kringilsárrana.



**Kort 1.** Háslón og nágrenni. Svarta línan sýnir þann hluta strandlengjunnar sem vöktun og mælingar á áfoki ná til. Bláir hringir sýna staðsetningu sjálfvirkra mælitækja sem mæla áfok (sjá kafla 2.2.2).



Markmið þessa verkefnis er að fylgjast með ástandi m.t.t. áfoks til að hægt sé að grípa inn í og bregðast við ef þörf er á í samræmi við skilyrði framkvæmdaleyfis, en eldri úttektir sýndu að áfok hafði orðið á nokkrum svæðum við Háslón (Björn Stefánsson o.fl., 2011; Elín Fjóla Þórarinsdóttir og Guðrún Schmidt, 2013; Björn Stefánsson o.fl., 2014).


Úttektin sem hér er gerð grein fyrir var unnin í júlí sumarið 2015 af starfsmönnum Landgræðslunnar, Elínu Fjólu Þórarinsdóttur, Jóhanni Þórssyni og Ágústu Helgadóttur. Allar ljósmyndir í skýrslunni voru teknar við vettvangsvinnu sumarið 2015 nema annað sé tekið fram.

## **2. Aðferðir við vöktun og mælingar**

Vöktunarkerfi til að mæla útbreiðslu og þykkt áfoks við Háslón var sett upp árið 2014. Haustið 2014 komu út skýrslur þar sem aðferðafræði við mælingar og vöktun var lýst og fyrstu niðurstöður birtar (Elín Fjóla Þórarinsdóttir o.fl., 2014; Jóhann Þórsson og Ágústa Helgadóttir, 2014).

### **2.1 Vöktun með ljósmyndum**


Sumarið 2014 voru teknar ljósmyndir með u.þ.b. 200 m millibili eftir strandlengju athugunarsvæðisins. Viðkomandi vöktunarreitur var staðsettur með GPS mælingu ( $\pm 2$  m) og tvær ljósmyndir teknar við hvern reit, annars vegar mynd af 50x50 cm ramma á yfirborði og hins vegar yfirlitsmynd yfir svæðið. Við austurströnd Háslóns eru 122 slíkir vöktunarpunktar, AM001-AM0122 og í Kringilsárrana eru þeir 41, KM001-KM041 (kort 2).



**Kort 2.** Staðsetning vöktunarreita með ljósmyndum.

Til að meta hvort einhverjar sýnilegar breytingar væru á svæðunum var farið á alla GPS reitina og myndatakan endurtekin sumarið 2015 (mynd 1a og 1b).





**Mynd 1.** Ljósmyndir af 50x50 cm ramma í vöktunarreit AM040, mynd a) frá 2014 og b) frá 2015.

Rétt er að taka fram að nákvæmni GPS punktanna á vöktunarreitunum er ekki það mikil að ljósmyndarammarnir lendi nákvæmlega á sama bletti enda er þeim ætlað að gefa yfirlit yfir viðkomandi svæði og fylgjast með hvort áfok sé til staðar en eru ekki ætlaðir til mælinga (mynd 2a og 2b).




**Mynd 2.** Yfirlitsmynd yfir vöktunarreit AM040, mynd a) frá 2014 og mynd b) frá 2015.



## 2.2 Mælingar á áfoki

### 2.2.1 Fastir mælireitir

Sumarið 2014 voru lagðir út 50x50 cm mælireitir á öllum svæðum þar sem greina mátti áfok (kort 3). Staðsetning hvers reits var ákvörðuð með GPS punkti (nákvæmni  $\pm 2$  m), ljósmynd tekin af mælireit og lítil flögg skilin eftir til að afmarka reitinn og auðvelda endurmælingar síðar til að fylgjast með þróun áfoksins.



**Kort 3.** Staðsetning mælireita 2014 og 2015.

Þykkt áfoks var mæld í öllum reitunum með því að leggja út ramma (50x50 cm) sem skipt er upp í 25 hluta. Þykkt áfoks var mæld með tommustokk í miðju rammans og öllum hornreitum hans ( $n=5$ ) (mynd 3). Jafnframt var útbreiðsla áfokssvæða metin með því að ganga með GPS tæki (nákvæmni  $\pm 2$  m) meðfram jaðri þeirra svæða þar sem sáust merki um áfok.



**Mynd 3.** Þykkt áfoks mæld með tommustokk í einum af hornreitum rammans.

Þykkt áfoks var endurmæld með sömu aðferðafræði í öllum mælireitunum sem lagðir voru út sumarið 2014. Þá var útbreiðsla áfokssvæðanna einnig endurmetin með því að ganga með GPS tæki meðfram jaðri þeirra.

### 2.2.2 Sjálfvirk mælitæki

Mælibúnaður er á þremur stöðum: Nyrst í Kringilsárrana við Kringilsárfoss, norðan Hrauka og sunnan þeirra, sjá kort 1. Á þessum stöðum hafði orðið vart áfoks sumarið 2013 (Elín Fjóra Þórarinsdóttir og Guðrún Schmidt, 2013). Búnaðurinn er eins og lýst var í skýrslu síðasta árs (Jóhann Þórsson og Ágústa Helgadóttir, 2014) að því viðbættu var sett upp myndavél á svæðinu sunnan Hraukanna í lok mars 2015. Hún er af gerðinni UniFi UVC<sup>1</sup> og stýrt af Raspberry Pi<sup>2</sup> smátölvu. Gögn eru send með Teltonica RUT550 router<sup>3</sup>.

Mælibúnaðurinn er forritaður til að skrá gögn á tvennskonar hátt. Annars vegar á 10 mínútna fresti undir venjulegum kringumstæðum:

Vindhraði:	10 mín meðaltal ásamt staðalfráviki ( $m s^{-1}$ )
Mesti vindur:	Mesta hviða á 10 mín tímabili ( $m s^{-1}$ )
Vindstefna:	10 mín meðaltal ásamt staðalfráviki ( $^{\circ}$ )
Lofthiti:	10 mín meðaltal ásamt staðalfráviki ( $^{\circ}C$ )
Loftraki:	10 mín meðaltal ( $^{\circ}C$ )

<sup>1</sup> Ubiquiti Networks, Inc., San Jose, CA, Bandaríkjunum

<sup>2</sup> Raspberry Pi Foundation, Bretlandi

<sup>3</sup> HQ JSC Teltonika, Litháen



Kornatalning: 10 mín heildartalning (mælipúlsar)  
Jarðvegshiti: 10 mín meðaltal ásamt staðalfrávik (°C)

Ef mælipúlsur kornatalningarinnar fjölga umfram fyrirfram skilgreind mörk þá er tíðni skráninga hins vegar aukin:

Vindhraði: 1 mín meðaltal ásamt staðalfrávik ( $\text{m s}^{-1}$ )  
Mesti vindur: Mesta hviða á 1 mín tímabili ( $\text{m s}^{-1}$ )  
Vindstefna: 1 mín meðaltal ásamt staðalfrávik (°)  
Kornatalning: 1 mín heildartalning (mælipúlsar)

Skráningar lofthita, loftraka og jarðvegshita breytast ekki þó vindstyrkur aukist. Með þessum hætti skráir búnaðurinn allt að 7999 mælipúlur á mínútu.

Fyrir utan straumleysi í skammdeginu og þegar snjór lagðist yfir sólarþegla (mynd 4), þá reyndist búnaðurinn vel (sjá viðauka II með dvalartímum).



**Mynd 4.** Mælitækin nyrst á Kringilsárrana 24. mars 2015. Þá var farin eftirlitsferð til að skipta um rafgeyma og grafa frá sólarþeglum (Mynd: Magnús Þór Einarsson).

### 2.3 Vettvangsúttekt og úrvinnsla

Úttektin sumarið 2015 var unnin 6.-9. júlí. Fyrstu tvo dagana var unnið í Kringilsárrana. Strandlengjan var gengin, ljósmyndir teknar af vöktunarreitum, áfok mælt og útbreiðsla þess metin, auk þess sem sjálfvirk mælitæki voru yfirfarin. Seinni tvo dagana var gengið með strandlengjunni austan Háslóns, vöktunarreitir ljósmyndaðir, áfok mælt og útbreiðsla þess metin.

Allar upplýsingar sem safnað var í vettvangsferðinni voru skráðar í landfræðilegan gagnagrunn (*ArcMap<sup>4</sup> file geodatabase*). Gagnagrunnurinn var settur upp 2014 og inniheldur fláka sem teiknaðir eru eftir GPS ferlum sem afmarka áfokssvæðin og punktaþekju með staðsetningu mæltreita samkvæmt GPS mælingum sem jafnframt inniheldur upplýsingar um heiti ljósmynda af vöktunarreitum og upplýsingar um mælingar á þykkt áfoks.

Staðsetning vöktunareita og mæltreita er sýnd á kortum 2 og 3 í skýrslunni og staðsetning áfokssvæða á korti 4. Upplýsingar um meðalþykkt áfoks í mæltreitum í júlí 2015 eru birtar í töflum 1-6 og útbreiðsla áfokssvæða og breytingar á áfoksþykkt milli ára 2014 og 2015 sýndar á kortum 5-9. Í viðauka I eru birtar töflur sem sýna áfoksmælingar frá 2014 og 2015. Í viðauka II er birt tafla með dvalartíma sjálfvirkra mælistöðva og í viðauka III eru birtar niðurstöður veðurfars- og kornateljaramæla veturinn 2014-2015. Listi yfir heiti og staðsetningu allra vöktunareita og mæltreita er birt í viðauka IV. Ljósmyndir teknar 2015 af mæltreitum fylgja með á geisladisk. Heiti myndanna vísar til viðkomandi reits auk dagsetningar og tíma sem myndin var tekin.

Skipta má svæðunum í kringum Háslón gróflega í þrjá hluta eftir því hvaða vindátt er ríkjandi þegar áfok á sér stað á hverju svæði. Þannig er líklegt að áfok eigi sér fyrst og fremst stað á svæðinu nyrst á Kringilsárrana þegar norðanátt ríkir, suðaustanáttir ættu að valda áfoki við vesturströnd lónsins (þ.e. á Kringilsárrana) og suðvestan áttir ættu að valda áfoki við austurströnd lónsins. Vegna þessa þá þarf að gera ráð fyrir að munur sé á áfoki milli þessara svæða. Til að ganga úr skugga um hvort svo sé þá var gerð einsþáttar fervikagreining<sup>5</sup> á gögnunum þar sem notaður var mismunur mælinga ára 2014 – 2015. Ekki reyndist marktækur munur á milli þessara svæða ( $p > 0,05$ ). Í framhaldi af því var gerð einsþáttar fervikagreining þar sem mælingar í áfoksgeiranum voru bornar saman við allar aðrar mælingar. Sá munur reyndist marktækur ( $p < 0,05$ ) og er því ljóst að áfoksgeirinn sker sig úr hvað varðar núverandi foksvæði.

Staðalfrávik meðaltals (SD) á mismun mælinga ára 2014 – 2015 var notað til að meta hvar draga skyldi mörk marktækni fyrir þykktarmælingar. Miðað er við að einstök mæling þurfi að vera 1 SD frá meðaltali til að hægt sé að tala um að mæling sé marktækt frábrugðin frá núlli. Fyrir þessi gögn er 1 SD = 1,91 cm. Mælingar sem sýnir þykktarmismun upp á  $\pm 1,91$  cm milli þessara tveggja ára telst þannig marktæk þykknunarbreyting.


<sup>4</sup> ESRI Inc., Redlands, CA, Bandaríkjunum

<sup>5</sup> SPSS v.16, SPSS Inc., Chicago, IL, Bandaríkjunum

### 3. Niðurstöður

#### 3.1 Vöktunarmælingar á áfoki frá lónstæði Háslóns

Notuð er sama framsetning á niðurstöðum og í skýrslu frá 2014 (Elín Fjóra Þórarinsdóttir o.fl. 2014) þ.e. áfokssvæðunum er skipt upp í eftirfarandi fimm svæði a) við Lindabungu, b) við Kofaöldu, c) nyrst í Kringilsárrana, d) við Hrauka og e) norðan Syðri-Hrauka (kort 4). Áfok mældist á sömu svæðum og 2014. Nokkur lítil áfokssvæði bættust við 2015 innan þessara fimm aðalsvæða en ekkert nýtt svæði bættist við utan þeirra.




**Kort 4.** Áfokssvæði við Háslón, a) við Lindabungu, b) við Kofaöldu, c) nyrst í Kringilsárrana, d) við Hrauka og e) norðan Syðri-Hrauka (ath að stærð svæða er ýkt til að sýna staðsetningu betur).



### 3.1.1 Áfokssvæði við Lindabungu

Við Lindabungu var áfok við veginn á samtals um 1.300 m löngum kafla, á tveimur samliggjandi svæðum (kort 5). Áfokssvæðin mældust u.þ.b. 4,4 ha að stærð sumarið 2014 en útbreiðsla þeirra hafði heldur minnkað 2015 og mælist nú 3 ha.



**Kort 5.** Áfokssvæði við Lindabungu, útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning mælireita og breytingar á áfokssvæði frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en  $\pm 1,91$  cm.

Í flestum tilfellum var áfok fremur lítið eða < 1 cm meðalþykkt í mælireit en þó reyndist áfok vera meira í sex reitum af 52 (11,5%), mest var það 2,7 cm í reit norðarlega á svæðinu (tafla 1). Þykkt áfoksefna á svæðinu við Lindabungu mældist minni í 21 mælireit, óbreytt í 11 reitum og meiri í 19 mælireitum. Einn mælireitur (AM024\_01h) var aflagður en þar voru flögg horfin og ekkert áfok (tafla 1). Meðalþykkt áfoks í reitum næst veginum ( $n=26$ ) var 0,7 cm og hafði aukist um 0,2 cm ( $\pm 0,14$  ( $\pm$  staðalskekkja) frá 2014. Almennt var þó ekki um miklar breytingar á áfoksþykkt að ræða því einungis í fjórum reitum af 52 breyttist hún meira en sem nam 0,5 cm (kort 5).

**Tafla 1.** Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum við Lindabungu í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm							
	2 m	b	c	d	e	F	g	H
AM 020_01	0,0							
AM 020_02	0,9	0,0	0,0					
AM 020_03	0,0							
AM 021_01	2,7							
AM 021_02	1,2							
AM 021_03 (snið)	1,3	0,6	1,8	1,4	0,4	0,1	0,0	
AM 022_01	0,1							
AM022_02	0,6							
AM 022_03	0,4							
AM 022_04 (snið)	0,1	0,1	1,4	0,2	0,1	0,2	0,0	
AM023_01	0,1							
AM 023_02	0,1							
AM 023_03	0,6							
AM 024_01 (snið)	0,0	0,0	0,2	0,2	0,2	0,4	0,1	
AM 024_02	0,6							
AM 024_03	0,8							
AM 025_01	0,8							
AM 025_02 (snið)	0,6	0,3	0,2	0,0				
AM 025_03	0,9							
AM 026_01	0,4							
AM 026_02	0,5							
AM 026_03	0,2							
AM 027_01 (snið)	0,9	0,5	0,1					
AM 027_02	0,1							
AM 027_03	0,9							
AM 027_04	2,6							

Myndir 5 og 6 sýna breytingar á mælireit AM\_021\_02 þar sem mældist 0,4 cm aukning á áfoki milli ára, sem telst ekki marktæk. Í júlí 2014 (mynd 5) var áfok mjög greinilegt á yfirborðinu enda gróðurinn rýr en tilbúinn áburður var borinn á svæðið (Rúnar Ingi Hjartarson, 2014) og sjást áhrif þess greinilega í júlí 2015 (mynd 6) þar sem gróðurinn var



orðinn mun vöxtulegri og áfoksefnin minna áberandi en þau mælast engu að síður í sverðinum.



**Mynd 5.** Mæltreitur AM\_021\_02, þar sem meðalþykkt áfoks mældist 0,8 cm þegar myndin var tekin í júlí 2014. Gróður rýr og áfoksefni áberandi og laus á yfirborði.




**Mynd 6.** Mæltreitur AM\_021\_02, þar sem meðalþykkt áfoks mældist 1,2 cm þegar myndin var tekin í júlí 2015. Gróðurþekja hefur aukist og áfoksefni minna áberandi á yfirborði en mælast í gróðursverði.



### 3.1.2 Áfokssvæði við Kofaöldu

Við Kofaöldu var áfok á fjórum svæðum sumarið 2014, alls á um 1,4 ha. Í júlí 2015 mældist áfok á þessum sömu svæðum en útbreiðsla þess, einkum á nyrsta svæðinu hafði þó minnkað umtalsvert þannig að nú mældist stærð þeirra alls um 1,0 ha (kort 6).



**Kort 6.** Áfokssvæði við Kofaöldu, útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning mælireita og breytingar á áfokspykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en  $\pm 1,91$  cm.

Í tuttugu og fjórum mælireitum af 32 (75%) við Kofaöldu mældist fremur lítið áfok eða < 1 cm meðalþykkt en í fjórðungi reitanna reyndist áfoksþykktin meiri, mest 2,1 cm í mælireit AM 082\_01b (tafla 2). Áfoksþykktin á svæðinu við Kofaöldu mældist minni í 17 mælireitum, óbreytt í 4 reitum en meiri í 11 mælireitum en breytingarnar voru ómarktækar því einungis í þremur reitum af 32 breyttist áfoksþykktin meira en sem nam 0,5 cm og mest 0,9 cm (kort 6). Meðalþykkt áfoks í reitum næst veginum mældist 0,7 cm ( $\pm 0,14$ ,  $n=18$ ) í júlí 2015 og hafði aukist um 0,1 cm frá 2014 sem er í samræmi við það að helst var um aukningu að ræða í reitum nálægt vegi (kort 6).

**Tafla 2.** Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum við Kofaöldu í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm				
	2 m	b	c	d	E
AM 076_01	0,4				
AM 076_02 (snið)	1,9	1,0			
AM 076_03	0,8				
AM 076_04	0,4				
AM 077_01 (snið)	1,6	0,0	0,0		
AM 077_02	0,1				
AM 077_03	0,1				
AM 078_01	0,6				
AM 078_02 (snið)	0,6	0,1	0,0		
AM 078_03	0,4				
AM 078_04 (snið)	0,7	0,0			
AM 080_01	0,4				
AM 081_01 (snið)	1,5	0,3	0,0		
AM 081_02	1,6				
AM 081_03	1,0				
AM 082_01 (snið)	1,0	2,1	0,2	0,1	0,0
AM 082_02	0,2				
AM 083_01 (snið)	0,0	* 0,0	* 0,0		

\* Áfok mældist ekki en blettir innan ramma með smá áfoki

### 3.1.3 Áfokssvæði nyrst í Kringilsárrana

Nyrst í Kringilsárrana voru nokkur áfokssvæði við fokgirðingarnar (kort 7). Á tveimur vestustu svæðunum sem mæld voru 2014 virtist eingöngu um að ræða áfok fínkornóttra efna (jökulleirs) sem í einhverjum tilvikum virðist hafa sest til í skjóli fokgirðinganna.







**Mynd 7.** Örlítil leirrönd á yfirborði í myndareit KM 003, ljósmynd tekin í júlí 2015.

Á áfokssvæðinu þar sem mælireitir KM006\_01 og KM006\_02 eru, var einnig að mestu um leiráfok að ræða en útbreiðsla þess hefur minnkað umtalsvert frá 2014 (kort 7). Á öðrum áfokssvæðum var útbreiðslan svipuð en áfokþykktin hafði aukist töluvert. Í mælireitunum nyrst í Kringilsárrana mældist meðal áfoksþykkt í reit >1 cm í sex reitum af 10, á móti þremur reitum sumarið 2014. Mest mældist áfoksþykktin 7,8 cm í reit KM008\_02 (tafla 3).


**Tafla 3.** Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum nyrst í Kringilsárrana í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm
	<b>2 m</b>
KM006_01	0,1
KM006_02	1,1
KM007_01	1,6
KM007_02	2,2
KM008_01	0,1
KM008_02	7,8
KM008_03	1,6
KM008_04	5,1
KM008_05	0,7
KM009_01	0,1



### 3.1.4 Áfokssvæði við Hrauka

Tvö lítil afmörkuð áfokssvæði eru rétt norðan Hrauka í Kringilsárrana og á báðum svæðunum hafði útbreiðsla áfoks minnkað frá 2014 (kort 8). Örlítill aukning var á áfoksþykkt í eina reitnum á nyrðra svæðinu en í öllum 5 reitunum á því syðra hafði áfoksþykktin minnkað og mældist mest 1,6 cm (tafla 4).



**Kort 8.** Áfokssvæði við Hrauka, útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning sjálfvirkra mælitækja, mælireita og breytingar á áfoksþykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en  $\pm 1,91$  cm.

**Tafla 4.** Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum norðan Hrauka í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm	
	2 m	B
KM024_01	0,6	
KM026_01 (snið)	1,6	0,3
KM026_02 (snið)	0,1	0,2
KM026_03	0,1	

Rétt sunnan Hrauka var teiknað utan um lítið áfokssvæði (0,03 ha) en áfokið var það lítið að ekki þótti vert að leggja þar út nýjan mælireit (kort 8).

Um 300 m sunnan við Hrauka þar sem áfoksgeiri myndaðist sumarið 2013, voru lagðir út alls 67 mælireitir sumarið 2014 (kort 8). Útbreiðsla áfokssvæðisins við áfoksgeirann, var rúmlega 0,2 ha í júlí 2014 en mældist ríflega 0,1 ha í júlí 2015. Ástæða þessa er m.a. sú að mikið virðist hafa rofnað af strandlengjunni á þessu svæði því alls voru 13 reitir (19%) sem hafði skolað alveg burt eða voru þaktir mól í fjöruborði og voru því ekki endurmældir. Nokkrir þessara reita höfðu verið skráðir að hluta eða alveg í fjöruborði sumarið 2014 en þá voru einnig áfoksefni á yfirborðinu og þeir því mældir þá (myndir 8 og 9).



**Mynd 8.** Mælireitur KM028\_06a í júlí 2014, reitur í fjöruborði en laus áfoksefni á yfirborði.



**Mynd 9.** Mælireitur KM028\_06a í júlí 2015, landbrot hefur skemmt mælireit og skolað áfoksefnum burt.

Lengja þurfti eitt snið við áfoksgeirann sumarið 2015 með nýjum reit (KM028\_07g) til að ná yfir nýtt áfok.

Áfoksgeirinn er það svæði við Háslón þar sem þykkt áfoksefna er hvað mest en einungis 14 reitir (20%) mældust með meðalþykkt < 1 cm (tafla 5). Alls voru 25 reitir (36%) með meira en

5 cm djúpu áfoki og mest reyndist það vera 10,8 cm þykkt. Meðalþykkt áfoksgeirans var næstum óbreytt milli ára, fór úr 4,4 cm ( $\pm 0,42$ ,  $n=67$ ) í júlí 2014 og í 4,3 cm ( $\pm 0,41$ ,  $n=69$ ) í júlí 2015. Miklar breytingar urðu hins vegar innan áfoksgeirans sjálfs því almennt minnkaði þykkt áfoksefna í reitum næst ströndinni en jókst í reitum fjær (kort 8).

**Tafla 5.** Meðalþykkt áfoks í mælireitum í áfoksgeira sunnan við Hrauka í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm						
	2 m	b	C	c	e	f	g
KM028_01 (snið)	0,5	0,7	0,5	0,0	1,8	0,3	
KM028_02 (snið)	2,6	1,5	0,4	1,3	9,8	1,8	0,1
KM028_03 (snið)	* 0,0	0,2	6,6	8,8	8,0	7,7	3,1
KM028_04 (snið)	* 0,0	1,2	8,7	4,4	4,1	6,3	5,3
KM028_05 (snið)	* 0,0	* 0,0	8,7	7,4	7,0	7,3	1,2
KM028_06 (snið)	* 0,0	2,7	6,8	8,4	8,4	5,0	3,3
KM028_07 (snið)	* 0,0	* 0,0	5,9	6,9	5,6	3,5	** 0,7
KM028_08 (snið)	* 0,0	* 0,0	10,8	6,0	4,5	1,8	
KM028_09 (snið)	* 0,0	10,2	8,3	10,6	5,3	0,2	
KM028_10 (snið)	* 0,0	2,4	3,0	0,9			
KM028_11 (snið)	* 0,0	0,1	0,1				
KM028_12 (snið)	* 0,0	0,3					


\* Reitur ónýtur, í fjöruborði eða skolað burtu

\*\* Nýr reitur

### 3.1.5 Áfokssvæði norðan Syðri-Hrauka

Norðan Syðri-Hrauka í Kringilsárrana eru tvö áfokssvæði, annars vegar er nokkuð stórt áfokssvæði sem liggur með austurströndinni á um 830 m löngum kafla og hins vegar mjög lítið svæði í vík sem snýr móti norðri (kort 9). Sumarið 2014 mældist stóra áfokssvæðið um 1,8 ha að stærð en 2015 hafði útbreiðsla þess minnkað í um 0,7 ha.





**Kort 9.** Áfokssvæði sunnan Hrauka, útbreiðsla áfokssvæða, staðsetning mælireita og breytingar á áfokssþykkt frá júlí 2014 til júlí 2015. Þykktarbreytingar teljast marktækar fyrir hvern punkt ef þær eru meiri en  $\pm 1,91$  cm.

Áfokið var í flestum tilfellum fremur lítið og einungis mældist meðalþykkt áfoks 1 cm eða meira í tveimur af 31 reitum (6,5%), mest 1,8 cm. Fremur litlar breytingar höfðu orðið frá árinu 2014, mest 0,6 cm aukning í tveimur reitum en alls hafði áfokið minnkað í 17 reitum, aukist í 8 en var óbreytt í 6 reitum (kort 9). Meðalþykkt áfoks í reitum meðfram lónsborðinu var óbreytt frá 2014 þ.e. 0,4 cm ( $\pm 0,11$ ,  $n=18$ ).

**Tafla 6.** Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum sunnan Hrauka í júlí 2015. Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm					
	2 m	snið b	snið c	snið d	snið e	snið f
KM033_01	0,0					
KM035_01	0,7					
KM035_02	0,0					
KM035_03	0,2					
KM036_01 (snið)	0,6	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1
KM036_02	0,0					
KM036_03	0,3					
KM036_04	1,8					
KM037_01 (snið)	0,5	0,5	0,2	0,1		
KM037_02	0,4					
KM037_03	0,5					
KM037_04	1,0					
KM038_01 (snið)	0,3	0,7	0,3	0,0		
KM038_02	0,1					
KM038_03	0,1					
KM038_04	0,2					
KM039_01 (snið)	0,1	0,0	0,0			
KM039_02	0,0					


### 3.2 Sjálfvirkar mælingar á áfoki í Kringilsárrana

Mælistöðvar í Kringilsárrana eru þrjár: nyrst á Kringilsárrana (A), við Hrauka (B) og við áfoksgeirann sunnan Hrauka (C) (kort 1). Fyrirliggjandi gögn endurspegla fyrsta heila árið sem mælingar standa yfir í Kringilsárrana. Valið var að skipta árinu upp í tvo hluta, vetur (október – maí) og sumar (júní – september). Yfir veturinn mældist ekkert áfok úr lónsstæði Háslóns (viðauki III), því verður einungis fjallað um niðurstöður sumarsins 2015 hér.


#### 3.2.1 Veðurfar

Lítill loftraka- og hitamunur var á milli mælistöðvanna eins og búast má við vegna nálægðar þeirra. Jarðvegshiti var einnig mjög sambærilegur yfir sumartímann (mynd 10). Norðaustlægar áttir voru ríkjandi sumarið 2015. Vindáttir og tíðni þeirra eru sýndar á mynd 12.

## MÆLISTÖÐ A




## MÆLISTÖÐ B



**Mynd 10.** Lofthiti (°C), loftraki (%) og jarðvegshiti (°C) á mælistöðvum A, B og C. Gröfin sýna 10 mínútna meðaltöl á sumartímabilinu 1. júní til 22. september 2015. Lárétt grá lína markar 0° C.



## MÆLISTÖÐ C




Mynd 10 framhald.

### 3.2.2 Áfok

Það getur verið vandkvæðum bundið að meta magn áfoksefna með Sensit kornateljurum eingöngu því slíkar mælingar gera ráð fyrir línulegu sambandi milli fjölda mælipúlsa og efnismagni sem er ekki alltaf raunin (van Donk og Skidmore, 2001). Rannsóknir í nágrenni Heklu hafa m.a. sýnt að veðurfarsaðstæður geta haft áhrif á fylgni milli mælipúlsa og efnismagns ásamt efnislegum þáttum eins og kornastærð og eðlisþyngd (Elín Fjóla Þórarinsdóttir, 2010). Við Háslón eru áfoksefnin allt frá finum jökulleir yfir í nokkuð grófan sand. Þá geta aðrir þættir í umhverfinu eins og regndropar haft áhrif á kornateljarana. Nauðsynlegt er að hafa alla þessa þætti í huga við túlkun gagnanna.

Við mælingar 2014 var sýnt fram á samband raka og vindstyrks (Jóhann Þórsson og Ágústa Helgadóttir, 2014) til að geta spáð fyrir um hvenær áfok hefjist. Þá sýndu útreikningar einnig að þröskuldsgildi við áfoksgeirann var  $4 \text{ m s}^{-1}$ , þ.e. áfok hófst við þann vindstyrk. Í ár var ekkert augljóst þröskuldsgildi því mælipúlсар voru skáðir við  $<1 \text{ m s}^{-1}$  meðalvind sem bendir til þess að aðrir umhverfisþættir trufla mælitækin eins og rigning eða snjócoma (viðauki III). Því var ákveðið að nota sama þröskuldsgildi og 2014 og jafnframt að taka út alla mælipúlса þegar loftraki var  $>80\%$  (mynd 11). Vert er að taka fram að nýjum Sensit nemum var komið

fyrir 7.júlí 2015 á öllum mælistöðvum (Sensit H14-LIN). Þeir eru næmari gagnvart fínnum leirögnum sem eldri týpunar (Sensit H11B) námu ekki.




**Mynd 11.** Fjöldi mælípúlsa (1 mín. kornatalningar við <80% loftraka, >4 m s<sup>-1</sup> og >0°C jarðvegshita) á mælistöð C sem fall af meðalvindhraða (1 mín meðaltöl). Tímabil mælinga er sumarið 2014 (8.júlí til 14.október) og 2015 (25.maí til 22.september). Athugið að kornateljarar mettast við 7999 púlsa á einni mínútu sumarið 2015 en ekki 2014.


Mælíbúnaðurinn á mælistöð A bilaði í byrjun júní 2015 en var lagaður þegar komið var til eftirlits og mælinga í júlí. Vart varð straumleysis á mælistöð C og er talið að það megi rekja til myndavélarinnar sem þar var komið fyrir í mars 2015 (sjá nánari upplýsingar um dvalartíma mælistöðva í viðauka II). Á þessu mælitímabili varð vart við mettun Sensit kornateljaranna sem bregðast þarf við.

Áfok mældist á öllum þremur mælistöðvunum sumarið 2015 (mynd 12). Mjög lítið áfok mældist á stöð B (rúmir 3.000 mælípúlsar) í sumar miðað við hinar tvær. Stöð A mældist samtals með næst flesta mælípúlsa (yfir 230.000) og stöð C (áfoksgeiranum) með yfir 390.000 mælípúlsa. Athygli vekur að verulegt áfok mældist á stöð C síðsumars. Meira en 300.000 púlsar mælast í ágúst mánuði og má ráða af myndum úr myndavélinni við mælistöðina að þar hafi verið töluverður efnisflutningur (myndir 13-14).

## MÆLISTÖÐ A




## MÆLISTÖÐ B



**Mynd 12.** Mælípúlsar (slög á tímæiningu) og vindhraði ( $m s^{-1}$ ) ásamt vindrósi fyrir tíðni og stefnu vindáttá ( $^{\circ}$ ) á mælistöðvum A, B og C sumarið 2015. Gröfin sýna 10 mínútna heildartalningar (slög sem mældust við  $<80\%$  loftraka,  $>4 m s^{-1}$  og  $>0^{\circ}C$  jarðvegshita) og 10 mínútna meðaltöl (vindhraði og vindátt) tímabilið 1. júní til 22. september 2015. Eins og sjá má á mælistöðvum A og C þá mettast fokmælingarnar við 7999 mælípúlsa á tíu mínútum. Ör bendir á tímasetningu vettvangskönnunar sumarið 2015.



## MÆLISTÖÐ C



Mynd 12 framhald.



**Mynd 13.** Mynd úr sjálfvirkri myndavél af áfoksgeiranum skömmu eftir að mælingum þar lauk í byrjun júlí.


2015-09-30 17:46:23  
lgavid01




**Mynd 14.** Áfoksgeirinn 30. september 2015. Breytingar hafa orðið miðað við mynd 13 (sjálfvirk myndavél).

Aðstæður á hverri mælistöð ráða miklu um það hvenær fok verður. Sumarið 2015 mældust tveir fokatburðir við mælistöð A (nyrst á Kringilsárrana) og B (við Hrauka) þar sem fjöldi mælipúlsa var það mikill að tíðni skráninga var aukin, en sex fokatburðir við stöð C við áfoksgeirann sunnan við Hrauka (mynd 12). Ákveðið var að skoða nánar staka fokatburði sem mældust allir eftir vettvangsferðina 2015 (mynd 15). Mælistöð A snýr mót norðri og þar mældist verulegt áfok í suðvestanátt sem olli því að í rúman klukkutíma mettuðust Sensit kornateljarar 19 sinnum við 7.999 mælipúsla á mínútu (mynd 15, áfoksstormur 17. ágúst 2015). Mesta áfokið sem mældist á stöð B við Hrauka sumarið 2015 átti sér stað 20. september (mynd 15), þá voru norðaustlægar áttir ríkjandi, sem var undantekning því almennt verður áfoks vart úr suðlægum áttum (mynd 16). Þann 13. ágúst 2015 (mynd 15) voru tíðir áfoksstormar úr suð- og suðaustlægum áttum við áfoksgeirann. Þetta gæti verið einn mesti efnisflutningur sem við höfum mælt í Kringilsárrana frá upphafi vöktunar. Kornateljarar mettuðust ítrekað við 7.999 púsla á mínútu. Áfokið orsakaði samtals 338.997 púsla á 90 mínútum (tafla 7).

## MÆLISTÖÐ A (17.ÁGÚST 2015)




## MÆLISTÖÐ B (20. SEPTEMBER 2015)



**Mynd 15.** Mælípúlsar (slög á tímæiningu) og vindhraði ( $m s^{-1}$ ) ásamt tíðni og stefnu vindáttá á mælistöð A, B og C þegar skráningartíðni hafði aukist sökum mikils foks. Efsta grafið sýnir áfok frá 17. ágúst 2015 við mælistöð A, graf fyrir miðju frá 20. september 2015 við mælistöð B og það neðsta frá mælistöð C 13. ágúst 2015. Gröfin sýna 1 mínútu heildartalningar (slög sem mældust <80% loftraka, >4 m s<sup>-1</sup> og >0°C jarðvegshita) og 1 mínútu meðaltöl (vindhraði og vindátt). Sjá einnig töflu 8. Eins og sjá má á mælingunum frá 17. ágúst þá mettast kornateljararnir við 7999 mælípúlsa á mínútu.



## MÆLISTÖÐ C (13.ÁGÚST 2015)



**Tafla 7.** Valdir áfoksstormar sumarið 2015. Notaður er stuðullinn 0,02 til að reikna efnismagn út frá fjölda mælipúlsa á mínútu (Ólafur Arnalds og Fanney Ósk Gísladóttir, 2009).

Mæli- stöð	Dags.	Áfok tími mín.	Lofthiti °C	Loftraki %	Hámarks meðal- vindur $m s^{-1}$	Mesta hviða $m s^{-1}$	Jarðvegs- hiti °C	Vindátt °	Mælipúlsar fjöldi	Efnismagn $kg m^{-1}$	Efnismagn $kg m^{-1} mín^{-1}$
A	17.8.2015	48	6,9-9,8	59,4-76,2	4,9	5,5	10,2-11,6	196-232	229.901*	4.598	95,8**
B	20.9.2015	38	7,7-8,6	68,1-72,4	10,4	10,9	7,9-8,4	10-32	2.620	52	1,4
C	13.8.2015	90	6,5-7,7	65,6-77,9	8,4	8,4	8,6-12,0	128-186	338.997*	6.780	75,3**

\* Mælipúlsar metast við 7.999 á mínútu svo fjöldinn er hér vanmetinn.

\*\* Efnismagn líklega ofmetið, hugsanleg mæliskekka vegna umhverfisáhrifa.

Fyrstu niðurstöður fokmælinga í Kringilsárrana voru birtar á síðasta ári (Jóhann Þórsson og Ágústa Helgadóttir, 2014). Þá var fjöldi mælipúlsa Sensit kornateljara umreiknað í efnismagn ( $kg m^{-1}$ ) samkvæmt stuðli (0,02) sem Ólafur Arnalds og Fanney Ósk Gísladóttir birtu árið 2009 eftir umfangsmiklar fokmælingar á Hólsfjöllum á árunum 2002 - 2004. Stuðullinn var notaður vegna hversu óaðgengilegt svæðið er og ókleift að gera magnbundnar mælingar á áfoki. Efnismagnið sem sýnt er í töflu 7 og 8 byggist því á grófum nálgunum og verður að skoða þær í því ljósi. Eins er rétt að taka fram að í töflum 7 og 8 þar sem efnismagn er reiknað yfir í  $kg m^{-1} mín^{-1}$  er það aðeins gert til að gefa grófa mynd af heildar efnismagni á tímæiningu við hverja mælistöð en byggist ekki á efnisflæði einstakra atburða því það getur verið mjög

mismunandi eftir áfoksstormum (Ólafur Arnalds og Fanney Ósk Gísladóttir, 2009; Elín Fjóra Þórarinsdóttir, 2010).


Áfok í Kringilsárrana mældist meira við allar mælistöðvarnar sumarið 2015 en sumarið 2014 ef litið er til efnisflutnings á mínútu (tafla 8). Við mælistöðvar A og B mældist áfok einungis eina og fjórar mínútur sumarið 2014 en ríflega 50 mínútur 2015. Á mælistöð B var þó ekki um mikla hlutfallslega efnisaukningu að ræða en stóraukning var við mælistöð A nyrst á Kringilsárrana, en þar mældist samtals  $0,1 \text{ kg m}^{-1} \text{ mín}^{-1}$  sumarið 2014 en í sumar  $86,8 \text{ kg m}^{-1} \text{ mín}^{-1}$ . Hafa verður þó í huga að einungis mældist fok í 1 mínútu 2014 og því varasamt að byggja samanburð milli ára á svo takmörkuðum gögnum. Einnig er rétt að benda á að mestur fjöldi mælipúlva var 17. ágúst og þá mettuðust kornateljararnir ítrekað þrátt fyrir að vindhraði væri mjög lítill þ.e. einungis um  $4,9 \text{ m s}^{-1}$  og því líklegt að einhver umhverfisáhrif önnur en fok hafi haft áhrif á þá mælingu (tafla 8). Á mælistöð C við áfoksgeirann fuku samtals  $7.837 \text{ kg m}^{-1}$  sumarið 2015 sem er töluvert minna heildarmagn en  $12.873 \text{ kg m}^{-1}$  sem mældist sumarið 2014, hins vegar varð mikil aukning á efnismagni á mínútu þ.e. úr  $7,75 \text{ kg m}^{-1} \text{ mín}^{-1}$  2014 í  $19,84 \text{ kg m}^{-1} \text{ mín}^{-1}$  2015 (tafla 8). Vindáttir sem orsökuðu áfokið voru sambærilegar milli ára á mælistöð A og B, þó jókst tíðni norðaustlæggðra átta við stöð B. Við stöð C varð áfok algengast í suðvestlægum áttum sumarið 2014 en sumarið 2015 dreifðist tíðni áfoks milli suðaust-, suð- og suðvestlægra átta (mynd 16).

**Tafla 8.** Efnisflæði við mælistöðvar sumurinn 2014 og 2015. Notaður er stuðullinn 0,02 til að reikna efnismagn út frá fjölda mælipúlva á mínútu (Ólafur Arnalds og Fanney Ósk Gísladóttir, 2009) og miðað við hámarksmeðalvind  $> 4 \text{ m s}^{-1}$  og loftraka  $< 80\%$ . Ath að tímabilin hafa ekki sömu dagsetningar þar sem upphaf sumartíma hvernar mælistöðvar var ákvarðað út frá jarðvegshita (sjá nánar viðauka III).

Mælistöð	Tímabil	Dags.	Áfok tími		Efnismagn	
			Mín	fjöldi	$\text{kg m}^{-1}$	$\text{kg m}^{-1} / \text{mín}$
A	sumar'14	8. júlí til 14. október	1	5	0,1	0,10
	sumar'15	6. júní til 22. sept.	53	230.110*	4.602	86,83**
B	sumar'14	8. júlí til 14. október	4	146	3	0,73
	sumar'15	31. maí til 22. sept.	51	3.294	66	1,29
C	sumar'14	8. júlí til 14. október	1.662	643.647	12.873	7,75
	sumar'15	25. maí til 22. sept.	395	391.835*	7.837	19,84

\* Mælipúlvar mettast við 7.999 á mínútu svo fjöldinn er hér vanmetinn.

\*\* Efnismagn líklega ofmetið, hugsanleg mæliskekkja vegna umhverfisáhrifa.




**Mynd 16.** Tíðni og stefna vindátta (°) þegar áfok mældist sumurin 2014 og 2015 (sjá tímabil í töflu 7).  
Ath. að kvarðinn á tíðni vindátta er breytilegur milli vindrósa.


### 3.3 Breytingar á áfoksgeira

Fylgst hefur verið sérstaklega með áfoksgeiranum á sunnanverðum Kringilsárrana frá því hann myndaðist sumarið 2013. Árin 2014 og 2015 var hann mældur eins og gerð hefur verið grein fyrir og sýnt er á korti 8 og töflu 5. Þessi mæligögn voru jafnframt notuð til að áætla umfang, magn og breytingar áfoksgeirans fyrir árin 2014 og 2015. Kort 10 og 11 sýna útbreiðslu áfoksgeirans fyrir þessi tvö ár.





**Kort 10.** Líkan (kriging) sem sýnir áætlað umfang og þykkt áfoksgeira sumarið 2014. Útreikningarnir eru byggðir á mælipunktum sem sýndir eru á korti 8. Þykkt á bilinu 0,0 - 1,91 cm er ómarktæk.




**Kort 11.** Líkan (kriging) sem sýnir áætlað umfang og þykkt áfoksgeira sumarið 2015 með hliðstæðum hætti og sýnt er á korti 10. Tvær nýjar fokgirðingar voru settar upp í áfoksgeiranum sumarið 2014 (örvar). Þær hafa haft greinileg áhrif á uppsöfnun og stöðvun fokefna. Þykkt á bilinu 0,0 - 1,91 cm er ómarktæk.

Svo virðist sem ekki hafi bæst efni í áfoksgeirann milli mælinga áráanna 2014 og 2015. Þannig minnkar flatarmál hans þar sem áfoksþykkt er > 1,91 cm úr 1.140 m<sup>2</sup> í 1.068 m<sup>2</sup> og rúmmálið úr 6,0 m<sup>3</sup> í 5,5 m<sup>3</sup> (tafla 9). Hins vegar er greinilegt að efnið hefur flust til milli ára sem skýrir þá fokatburði sem hafa mælst á tímabilinu (tafla 7). Kort 12 sýnir þessa tilflutninga greinilega. Þar sést jafnframt hvaða áhrif fokgirðingarnar hafa á heildartilflutning fokefnanna. Það má jafnframt sjá á mynd 17 sem sýnir áfoksgeirann 7. júlí 2015.

**Tafla 9.** Breytingar á áfoksgeira milli áráanna 2014 og 2015

	2014	2015
flatarmál, m <sup>2</sup>	1.140	1.068
rúmmál, m <sup>3</sup>	6,0	5,5
þyngd, kg	8.460	7.755



**Kort 12.** Breytingar á áfoksgeira milli áráanna 2014 og 2015 sbr. kort 10 og 11. Nýjar fokgirðingar sem settar voru upp sumarið 2014 eru auðkenndar með örðum. Greinilega má sjá að fokefni safnast upp við fokgirðingarnar og að fokefni hafa flust til norðurs innan fokeirans milli ára.



**Mynd 17.** Áfoksgeirinn 7. júlí 2015. Áhrif annarar fokgirðingarinnar sjást greinilega fremst á myndinni eins og sýnt er með örinni.

#### 4. Samantekt og umræður

Við úttekt á áfoki við Háslón sumarið 2015 kom í ljós að fremur litlar breytingar höfðu orðið á áfoksþykkt í mælireitum og útbreiðsla áfoksefna hafði heldur minnkað við austurströnd Háslóns (kort 5 og 6) og á syðsta áfokssvæðinu í Kringilsárrana, þ.e. sunnan Hrauka (kort 9). Af því má draga þær ályktanir að ekki hafi borist nýtt áfoksefni inn á þessi svæði og það efni sem fyrir var hafi að einhverju leyti skolest í burtu eða samlagast gróðursverði.

Á svæðinu nyrst í Kringilsárrana mældist marktæk þykkun áfoksefna í tveimur reitum í nágrenni við sjálfvirka mælistöð A, þrátt fyrir að ekki hafi mælst mikið áfok í sjálfvirku mælistöðinni en hafa verður í huga að í sumum tilfellum reyndist erfitt að meta mörkin milli áfoksefna og fyrra yfirborðs sendins jarðvegs sem undir var við þykktarmælingarnar.

Við áfoksgeirann sunnan Hrauka sýndu mælingar úr sjálfvirku mælistöðinni að umtalsvert fok hafði átt sér stað sumarið 2014 eftir að áfoksþykktin var mæld. Við endurmælingar í júlí 2015 reyndist marktækur munur á áfoksþykkt í 27 mælireitum af 69 í áfoksgeiranum. Samkvæmt nákvæmum mælingum á umfangi og magni foksefna í áfoksgeiranum kom í ljós að efnismagnið hafði ekki breyst milli ára, heldur færst til norðurs innan geirans og sest að við fokgirðingar (kort 12, mynd 17). Fokgirðingarnar hafa greinileg áhrif á uppsöfnun áfoksefna og því mikilvægt að huga betur að því hvar þær eru staðsettar. Þær þyrftu helst að vera frammar (nær ströndinni) til að stoppa efnið áður en það kemur inn á svæðið. Það þarf þó að taka tillit til landbrots sem virðist vera nokkuð við áfoksgeirann þar sem 13 mælireitir næst fjöruborðinu höfðu skemmst vegna vatnságangs og landbrots milli ára og því var ekki hægt að endurmæla þá (myndir 8 og 9). Þykkt áfoksefna í áfoksgeiranum er áhyggjuefni, því þykkari sem þau verða því minni líkur eru á því að undirliggjandi gróður nái sér aftur. Síðastliðin tvö ár hefur áfoksefnum úr áfoksgeiranum verið rakað saman og efnið flutt úr áfoksgeiranum aftur út í lónstæðið og bentu vettvangsathuganir sumarið 2015 til þess að gróður á svæðinu sem var hreinsað með þessum hætti sumarið 2014 hafi jafnað sig.

Nokkur lítil áfokssvæði bættust við 2015 innan áfokssvæðanna en ekkert nýtt svæði bættist við utan þeirra. Þegar á heildina er litið var umfang mældra áfokssvæða við Háslón 8,5 ha



árið 2014, í ár hafði það minnkað í 5,6 ha, sem nemur um 35% minnkun. Minnkun á útbreiðslu áfoks mældist á öllum áfokssvæðunum fyrir utan svæðið nyrst í Kringilsárrana. Þar jókst umfang svæðisins um 0,2 ha en sú aukning var þó eingöngu leiráfok. Norðan við Syðri Hrauka minnkaði umfang áfoksins hlutfallsega mest eða um 61%.

Rétt er að taka fram að á nokkrum stöðum við austurströnd Háslóns lágu flöggin, sem skilin voru eftir til að afmarka mælireiti, laus á yfirborði eða voru horfin. Hugsanlegt er því að í einhverjum tilfellum hafi mælireitir hníkast lítilla til þegar flöggin voru staðsett aftur skv. GPS mælingum ( $\pm 2$  m nákvæmni).

Vatnsstaða Háslóns var í sögulegu lágmarki í sumar og fór lónið ekki á yfirfall fyrr en 9. október, það er rúmum mánuði seinna en á síðasta ári (1. september 2014) og hefur það aldrei fyllst svo seint áður ([www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)).

